

8. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 18. ágúst 2015 og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Dalbraut 6 - Áframhaldandi þarfagreining um umræður um fjárhagsáætlun

Áfram var unnið með drög að greinargerð sem unnin var á síðasta fundi samráðshópsins þann 11. ágúst síðastliðinn.

Farið var yfir texta greinargerðar og athugasemdir fundarmanna.

Ákveðið var að bera hugmynd um stækkun á húsnæði undir bæjarráð þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Einnig þarf að afla upplýsinga um kostnað við frumhönnun á húsnæðinu.

Jón Hrói og Laufey taka að sér að vinna drög að erindi til bæjarráðs.

Hildur tekur að sér að afla upplýsinga um hönnunarkostnað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Jóhannes Ingibjartsson
Ólafur Guðmundsson
Laufey Jónsdóttir
Hildur Bjarnadóttir